Nr. 440 10. maí 2017

# AUGLÝSING

**um vátryggingafjárhæðir í aksturskeppni.**

1. gr.

Ákveðið hefur verið að vátryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli vera 125.000.000 krónur vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 75.000 krónur að lágmarki og 750.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að vátryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda í aksturskeppni skuli vera 12.500.000 krónur við dauða eða varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem er tekin samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppni nr. 507/2007 tekur þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 10. maí 2017.*

**Benedikt Jóhannesson.**

*Sóley Ragnarsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2017